

STJÓRNARTÍÐINDI B 87 – 2005

15. júlí 2005

1493

Nr. 665

AUGLÝSING um veiðigjald og þorskígildi.

1. gr.

Fiskistofa leggur á veiðigjald. Á fiskveiðiarinu 1. september 2005 til 31. ágúst 2006 skulu eigendur skipa greiða kr. 1,53 fyrir hvert þorskígildiskílógramm úthlutaðra veiðiheimilda eða landaðs afla einstakra tegunda.

2. gr.

Þorskígildisstuðlar fyrir fiskveiðiaríð 1. september 2005 til 31. ágúst 2006 eru þessir:

Tegund	Stuðlar	Tegund	Stuðlar	Tegund	Stuðlar
Þorskur	1,00	Innfjarðarækja	0,36	Trjónukrabbí	0,21
Ýsa	0,75	Úthafsækja	0,68	Smokkfiskur	0,20
Ufsi	0,37	Litli karfi	0,05	Beitukóngur	0,26
Karfi	0,54	Lýsa	0,47	Kúskel	0,02
Langa	0,55	Blálanga	0,55	Blágóma	0,11
Keila	0,35	Sléttlanghali	0,20	Búrfiskur	1,29
Steinbítur	0,68	Tindaskata	0,10	Snarphali	0,21
Skötuselur	1,60	Hlýri	0,76	Litla brosma	0,42
Grálúða	2,04	Skata	0,56	Náskata	0,16
Skarkoli	1,29	Háfur	0,82	Sandhverfa	4,01
Sólkoli	1,55	Hákarl	0,07	Urrari	0,63
Langlúra	0,63	Hámeri	3,25	Stinglax	0,36
Sandkoli	0,52	Gulllax	0,4	Hvítskata	0,35
Skráplúra	0,45	Lúða	3,21	Sæbjúga	0,13
Síld	0,14	Öfugkjafta	0,35	Rauðmagi	0,15
Loðna	0,06	Makrill	0,33	Grásleppa	1,01
Humar (slitinn)	6,45	Geirnyt	0,13		

Þorskígildisstuðlar fyrir stofna sem úthlutað er úr miðað við almanaksárið 2006 eru eftirfarandi:

Tegund	Stuðlar
Norsk-íslensk síld	0,15
Norður-Íshafsporskur	1,00
Kolmunni	0,05
Úthafskarfi	0,51
Rækja á Flæmingjagrunni	0,84

Ofangreindir stuðlar gilda við álagningu veiðigjalds, sbr. 22. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

3. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Auglýsingin öðlast þegar gildi, kemur til framkvæmda 1. september 2005 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. júlí 2005.

Árni M. Mathiesen.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasa 5 og 6, Hagafliöt 9 og 11.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 13. júní 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í Flatahverfi á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að stækka byggingarreit á lóð nr. 9 úr 3392 m² í 3763 m² til norðvesturs. Fjöldi íbúða á báðum lóðum verður fjölgað úr hámarki 16 íbúðir í 20.

Byggingarreitur beggja húsa færast til suðausturs um 4 metra. Bifreiðastæði breytast þannig að þau rúma 40 bifreiðar á hvorri lóð og það verður kvöð um aðkomu fyrir lóð nr. 11 yfir lóðarenda á lóð nr. 9.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 15. júlí 2005.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs,

Þorvaldur Vestmann.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 396, 22. apríl 2005, um úthafsrækjuveiðisvæði og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar.

1. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætast tvær nýjar mgr. sem orðist svo:

Heimilt er að nota yfirpoka við úthafs rækjuveiðar á þeim svæðum þar sem viðkomandi skipum eru heimilar veiðar með fiskibotnvörpu samkvæmt 5. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997,